**Ed. 986. Breytingartillögur [397. mál]**

við frv. til l. um veitinga- og gististaði.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. bætist ný mgr., svohljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „gistihús" í upphafi a-liðar komi: hótel.
3. Við 15. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.